

2. fundur

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps, haldinn 13.júní 2017 kl. 14:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, Borgarnesi.

Fundarmenn: Finnbogi Leifsson, Borgarbyggð, Ólafur Jóhannesson, Borgarbyggð, Baldvin Björnsson, Hvalfjarðarsveit og Jón Einarsson, Skorradalshreppi. Sigurður Páll Harðarson, Akraneskaupstað boðaði forföll.

Fundargerð ritaði Hrafnhildur Tryggvadóttir, verkefnastjóri á Umhverfis-og skipulagssviði Borgarbyggðar.

Dagskrá

1. Tímasetning fyrri leita í Borgarbyggð 2017

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur til að leitartími 1. leitar í Borgarbyggð haustið 2017 færist fram um eina viku á eftirtöldum svæðum skv. 15.gr. fjallskilasamþykktar nr. 683/2015:

- b. Leitartími breytist á svæði Mýrasýslu, að undanskildu leitarsvæði til Fljótstunguréttar.*
 - f. Leitartími breytist á svæði Borgarfjarðarsýslu norðan Andakílsár og Skorradalsvatns að undanskildu leitarsvæði til Rauðsgilsréttar.*
 - j. Leitartími breytist á svæðinu milli Hítarár og Haffjarðarár.*
- Ekki er á þessu stigi tekin afstaða til breytinga á seinni leitum.*

Samþykkt

2. Tímasetning seinni leita í Borgarbyggð 2017

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur til að leitartími seinni leita í Borgarbyggð verði færður fram um eina viku á eftirtöldum svæðum, skv. 15. gr. fjallskilasamþykktar nr. 683/2015, sem hér segir:

- c. Leitartími breytist á öllu svæðinu vestan Norðurár og Sanddalsár að Hítará; gildir um aðra og þriðju leit.*
- j. Leitartími breytist á svæðinu milli Hítarár og Haffjarðarár; gildir um aðra leit.*

Samþykkt

3. Önnur mál

Rætt um markavörslu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:00